

GIGTVEIKI

Vér læknum öll tilfelli, þar sem lísir eru ekki allareitu eyddir, með vorum sameinuðu aðferðum.

Taugaveiklun.

Vér höfum verið sérlega heppir að lækna ýmsa taugaveiklun; mörg tilfelli voru alitin vonlaus, sem oss heppnaðist að bæta og þar með bæta mörgum árum við æfi þeirra sem þjáðust af gigtinni.

Gyllinæði

Vér ábyrgjumst að lækna til fullnustu öll tilfelli af Gyllinæði, án hnifs eða svæfingar. Ver þjóðum öllum gestum, sem þjáðust af gigtinni.

Mineral Springs Sanitarium

Winnipeg, Man.

Ef þú getur ekki komið, þá skrifa eftir myndabæklingi og öllum upplýsingum.

Nefnið "Voröld" þegar þér farið eftir þessari auglýsingu.

Úr Bænum

S. B. Benediktsson frá Langruth kom til bæjarins í vikunni sem leið og fór heim aftur í gær.

Sigb. Astvaldur Gíslason fer vestur í Vatnabyggðir á laugardaginn og þrúðar þar á ýmsum stöðum.

Einar Jónssyni var gefin gullbúinn göngustafur og konu hans gullur og svo ferðataka hvoru þeirra.

Ungrú Ingbjörg Hjálmarson er nýlega komin utan frá Keewatin, þar sem hún hefur dvalið um tíma.

Háfrú G. Fjeldsted frá Gimli, er stóð hér í bænum með tveimur börnum þeirra hjóna.

Eiríkur Þorbergsson og kona hans komu norðan frá Gimli í gær; voru þar að finna vini og kunningja.

John Peterson frá Leslie sem unnið hefur um tíma við afgreiðslu hjá Jóhanni Thorgeirssyni fór vestur aftur á laugardaginn. Verður við félagsflutninga í Leslie með Brandi bróður sínum.

Hafrið þér séð nýja hermannaspjöldin? Elgið þér elgi mynd af vini eða skildmyndi sem mynd af vini eða geyma í einni þeirra?

Bjarni Björnsson, skópleikari, dvelur vestur í Wynyard um tíma og vinnur þar við málningu.

Agúst Sædal frá Baldur, kona hans og börn þeirra, komu norðan frá Nýja Íslandi fyrir helgina og fóru heim á mánudaginn.

Jónas Stefánsson frá Kaldbak fór vestur til Argyle á mánudaginn. Verður þar um tíma við uppskrifvinnu, en fer síðan norður til Mikilýjar og dvelur þar vetrarlengt við fiskveiðir.

Háfrú B. Stefánsson frá Mikley og ungrú Stella dóttir hennar hafa dvalið hér í bænum vikutíma. Þær fara heim á morgun.

Háfrú J. Halldóranson frá Mikley er stóð hér í bænum að leiða sér lækninga. Hún fer heim á morgun.

Séra Fríðrik Hallgrímsson frá Argyle kom til bæjarins á þriðjöldi um helgina sem leið.

Sigrún kenslukona Helgason hefur tekið að sér um tíma skrifstofustörf hjá Western Star.

Helgi Helgason frá Mikley var á ferð í bænum í vikunni sem leið.

Ef þér elgið gömul frimerki, þá kaupir P. P. Þorsteinsson þau.

Manitoba Stores

346 Cumberland Ave.

(60 fæðna fyrir austan Central Park).

GUNN. JÓHANNSON, Verzlun-arsjórn.**KJÓRKAUP Í ÞESSARI VIKU****LIFTIDUFT!****LIFTIDUFT!****LIFTIDUFT!**

6 oz. Can Baking Powder — 10

5 lb. Can Baking Powder — \$1.00

2 pk. Corn Starch — 25

MANITOBA STORES

3 Taldar: Garry 3063 og 3062

Séra Jakob Kristinsson átti að prédika í Tjaldhöfðinni síðasta sunndag, en gat ekki komið vegna forfalla. Magnús Magnússon, tónskáld, las í þess stað ágæta ræðu eftir séra Pál Sigurðsson; fór lesturinn þannig fram að öllum var ánægja. Er þetta sönnu þess að þeir geta lært að lesa móturmálið sitt íslensku unglingarnir hér vestra ef foreldrarir ekki vanrækja að kenna þeim það.

Th. Oddson fór austur til Toronto nýlega og dvaldi þar nokkra daga.

Hrólfrur Sigurðsson, kaupmaður frá Arnesi kom til bæjarins í verzlunar-erindum í gær.

John H. Johnson, kaupmaður frá Hove, kona hans og dóttir eru stóð hér í bænum.

Sigurður Sigurðsson (frá Svignaskarði), kona hans og dóttir eru nýlega komin utan frá Lundar. Sigurður var þar yfirsmáður við nýtt húsið og mikill sem Páll Reykdal hefur bygt. Nú hefur Sigurður tekið að sér yfirsmálið á sjúkrahúsi byggingu þeirri sem Halldór sonur hans hefur til byggingar.

Háfrú William Anderson frá Vancouver, sem dvalið hefur hér eystra um tíma, eins og Voröld gat um nýlega, lagði af stað aftur heimleiðis í vikunni sem leið.

LJÓD-MYND.

sem setti að vera á hverju íslensku heimili, er mynd sem Eiríkur Þorbergsson tók af gamla fólkunni á "Betel" og lætur helming myndaverðsins ganga til gamalmennahælisins. Stærð myndarinnar er 10x12 (utanmál), verður aðeins 80 cent, en vana verð á þeirri myndarstærð er minnst einn dollar. Allir sannir Íslendingar sem unna þessari kristilegu mannúðar toefnan, "Betel", ættu að kaupa mynd þessa þeir gera tvent í einu: fyrst, styrkja fegurstu mannúðarstofnun okkar íslendinga, og fá mynd af öllu gamla fólkunni á "Betel". Prestar íslensku safnaðanna eru vinsamlega beðnir að taka á móti pöntun frá fólki er vildu eignast mynd þessa, og senda til fé hliðs "Betels", hér í Winnipeg, þar Jónas Jónhannessonar, ásamt borgun og myndatölu.

Pantið myndina sem fyrst!

Helga Davidson, sem öllum Íslendingum er að góðu kunn og haldið hefur greiðsluðs hér í bænum lengi er nú að hætta. Munu margir landar sakna hennar.

Guðrún Jóhannsson sem lengi hélt greiðslu á Victor stræti, er hætti því um tíma hefur nú þrýð aftur, eiga því landar enn athvarf hjá íslensku fólki.

Skúli Stigfússon, þingmaður frá Lundar og kona hans, komu til bæjarins í gær og fóru heimleiðis aftur í dag.

Kristján Guðmundsson, faðir séra Alberts og þeirra systkina lést í morgun um tíma. A. S. Bardal fór þangað norður í dag til þess að smyrja líkið.

Séra Jónas A. Sigurðsson kom til bæjarins í dag. Var að fara á prestafund sem haldinn verður á Lundar á morgun. Hann dvelur hér eystra fram í nóvember, aðallega í þingvalla-nygundinni en fer vestur á strönd aftur í haust.

Skemtistaðir**WALKER.**

"Going Up" með 27 Broadway hljóflutnum og fyrirtaks orchestra, verður til skemmtana á Walker alla næstu vikur. Þessi söngleikur stendur yfir aðeins tvö og hálfan tíma, með öllum aðlöðunum síkra leikja, enda hafa höfundarnir séf að því að hafa samið það í þeim tilgangi að ná sem fullknum hraða. Á meðal leikendanna eru: Raymond Crane, Roy Parvance, Harry T. Halon, James Lackaye, William Cotton, Beatrice Burrows og fleiri.

Í kórnum verða um fjórtíu söngvarar sem gefa leiknum ljór og lif. Y meðal söngvanna verða t.d., "I'll Bet You," "I Want a Determined Boy," "If You Look in Her Eyes," "Going Up," og s. frv.

Söguhetjan er ungur Bandaríkja höfundur, sem í einni af sögum sínum hefur lýst dásamlega loftbáta flugi, og er svo alitinn flugmaðurinn. Afbrýðissamur Franskur flugmaður skorar á hann að fljúga. Utan um þetta er vafis skemmtilegt æfintýri, sem allir ættu að sjá.

Gleymdið ekki að sjá þessa sýningu á Walker næstu vikur.

FRÍMERKI

Frimerki frá öllum löndum keypt. Hin vanalegu Bandaríkja og Canada frimerki aðeins í stórum stíl. Skrifis hvaða tegundir þér hafið.

ÞORSTEINN P. ÞORSTEINSSON

732 McGee Str., Winnipeg.

WONDERLAND THEATRE

Miðvikudag og fimtugdag

Harold Lockwood

1 leiknum

'The Haunted Pyjamas'

Föstudag og laugardag

Madam Petrova

1 leiknum

'The Life Mask'

1 næstu viku

'TREASURE ISLAND'

Séra Guttormur Guttormsson frá Minnesota kom til bæjarins í gær til þess að vera á prestafundi á Lundar á morgun. Velti ár og meiri uppskera þar syðra en menn muna áður.

Háfrú H. Karvelsson frá Gimli og Sigurbjörn sonur hennar hafa dvalið hér í bænum í nokkra daga.

Hallur Johnson, sem hér var í bænum allengi og er nú fluttur norður til Nýja Íslands, var á ferð í Winnipeg fyrir skömmu.

Hneyksli Íslendinga-dagsins á Gimli, 1918

Greinarstúfur með þessari fyrirsögn birtist í Lögbergi 15. ágúst s. l. Þar eð ég get ekki séð að slík óvifni sem þar er samansett eigi sér nokkurn rétt eða hafi við nokkuð að styðjast, sem andlega fæðu fyrir mig eða mína landa, vil ég leita við að mótmæla því ryki og skarni sem þar er hreytt að mjög virðingarverðum mönnum og mállefum, en þó sérstaklega þeirri arás sem gerð er á dr. Sig. Jól. Jóhannesson og málægum hans, "Voröld". Það er í fæstum öllum sagt grófskudd hrakryði, sem tæplega sama íslenskrí konu-annars finst mér það vera bundið að höfundur nefndar græna sé íslensk. En því miður mun hún þó vera það að einhverju leyti.

Í sambandi við þetta, dettur mér í hug sköplegt atvik frá æskuárunum heima á Þruni. Þegar ég var 8 ára gamall átti ég hvíta á sem Búðót hét. Það var eignaðstíð hún hvítan hrú og móðrotta gímbar. Hvernig sem þú stóð, vildi hún ómögulega lofa Botnu litu að sjúga sig, og þar hún því oft svöng litla greyð. Enegar fram á vörð kom og smalað var til rúnings, var allt fés rekið inn í stóran jarðhelli í tungaröðnum. Þá fór ég ósköp kátur ofan í helli til þess að sjá hjórlina mína, en þó sérstaklega Botnu litu, því að hún þótti mér svo skrítn. Strax þegar ég kom inn fyrir hellisdýrinn, á ég mér til mikillar gremju að Botna litla var að sjúga geit nágranna okkar. Ég fór að gráta, og ætlaði aðreið að hugast, vegna þess að nú hlýti Botna mín að verða geit. Hún fór með Búðót mína á afreittina og kom aldrei framur fyrir min augu og sannfærði það mig enn meir um að hún hefði orðið geit, og þess vegna ekki þekst um haustið, þegar af frettinni kom. Erú nú lítið í síðan 25 ár, en aldrei rifjast betur upp fyrir mér kynskifti Botnu litlu, en einmitt þegar ég fór að hugleiða hvort Margrét G. Jarvis væri íslensk kona.

Tölum ekki meir um það í þetta skifti, heldur athugum ýmsa kafla í fyr nefndri grein Margrétar. Dr. Sig. Jól. Jóhannesson átti að tala fyrir minni Íslands, segir greinarhöfundurinn, "en allt sem hann talaði, eins og flest sem hann ritar, var til þess að æsa landa vora upp á móti stjórni þessa lands og yfirleitt öllu canadísku og brezku." Þetta er fyrsta óvirkulega aðdróttunin, sem ekki er rökstudd eða sönnuð, af höfundinum greinarinnar, og vona ég að mér auðnist að senda slíka óhæfu aftur til sinna upphaflegu heimkynna að Gimli.

Að dr. Sig. Jól. Jóhannesson skyldi hafa Nýfölsendingum fyrir atkvæða greiðsluna 17. desember 1917 virðið mér ekki vitavert, því að á bakvið það hóf, er vafalaust gott traust til þeirra sem hlut eiga að máli um að hafa ekki greitt atkvæði móð betri vitund, eða látið ginnast af sviksamlegum loforðum stjórnaðarinnar.

Þetta er annað boðorð M. G. Jarvis, sem ég vóna að enginn sannur Íslendingur geti trúað.

Þriðja boðorð hennar er að fullrygging að dr. Sig. Jól. Jóhannesson hafi smogið inn á fjórða mörg íslensk heimil og spótið eitri ósanninda og ósanngríni, þar til lesendur bláða hans hafi lokað skilningarvitum sínum fyrir öllu öðru. Var nú furða þó mér dytti í huga hvort Botna litla hefði sögið geittina full mikil? Svo betur hún við þessi fágæta kona og segir: "Þeir láta dr. Sig. Jól. Jóhannesson hugsa og skilja fyrir sig, og gera það sem hann segir þeim að gera, eins og daleiddur maður gerir það sem daleiðari hans segir honum að gera. En þegar þessir áumingja vesalningar vakna, hvar verður þá Sig. Jól. Jóhannesson og Voraldar klíkan stóð." Skyldi ná mikill meiri hluti Vestur-Íslendinga, vera þakklátur greinarhöf-

undi fyrir slíkan vitnisburð, sem þetta? Velti þetta Gimli kvendi að hún með þessum orðum brigsar mörg hundruð allra heiðarlegustu borgurum þessa lands og sönnu Íslendingum í tilbót um þá smán, sem fáir vilja leggja undir og helst engum Íslendingum sémið að undanskildir M. G. Jarvis.

Vér, hinir landarnir, sem höfum lesið ritverk dr. Sig. Jól. Jóhannessonar undanfarið 20 ár og kynst honum bæði persónulega og starfsemi hans fyrir félög og einstaklinga stöndum ekki eins og glópar, spyrjandi um mánna og máleysingja, um það bókst dr. Sig. Jól. Jóhannesson að eiturnaðra, sem spúr ósannindum og ósanngríni, ali menn upp í broka, og því um líku, eins og greinarhöfundur fullryðir. Nei! Við vitum af sannri reynd að dr. Sig. Jól. Jóhannesson, er vinvaltur, og öllum stað-

maður allra þeirra mála sem vinna á grundvelli mannræðleika og friðar. Vör þekkjum starf hans fyrir börn og unglinga. Vör þekkjum starf hans fyrir gamla fólkið á "Betel" og víðar. Vör þekkjum starf hans fyrir drykkju-mannakornur, og sérstaklega munum vér starf hans fyrir kvenrétindna málið. Með öðrum orðum, virðast mér öll hans ritverk í bundnu og óbundnu máli, að undanskildum nokkru pólitískum ritstjórnargreinum, ver a þrungið hugnæmum blæ sannrar mannúðar. Hver talar betur máli hins hrjáða og smáða, sem hnefi auðvalds og ólaga hafa lamið og lifandi kramið í sínu fótakarni. Hann er einn af þeim örfáu, sem ljær í mörgum skilningi málsinn líð en kettinum ekki, og þess vegna verður hann oft að standa í orðakasti við hreistretti auðvalds og lílgirni.

Ekki erum vér kaupendur Voraldar svo daleiddir eða skyni skroppnir að vér ekki getum séð galla ristjóra og ymsar misfællir á verkum hans—fjarri því! En þess ber að geta að við höfum ekki tækifæri á að kynnast neinum manni alveg gallalausum og við allra hæfi, og erum því þakklátir M. G. Jarvis ef hún gæti bent okkur á einn slíkan kostargrip.

Svo kemur að fjórða boðorðinu, svo ég við hafi samsonar upptalningu á M. G. Jarvis í grein sinni. Hún leitast við að fræða lesendur Lögbergs á því að nú standi yfir völdlegt stríð á milli himnaríks og helvítis um völd þessa heimis. Ef þetta skyldi nú vera satt sem í sjálfa sér er ástæðulaust að trúa, á meðan ekki fleiri segja það en M. G. Jarvis, þá finst mér samt þarflaust fyrir þá sem trúa á almætti guðs, að efast um úrslit þess stríðs. Annars get ég fát og litu sagt um afstöðu þeirra stórvelda, því í hvorugt hefi ég komið en í Þýskaland og Canada hefi ég komið, og líðið dævel í báðum stöðum. En sannast að segja held ég að þessi helvítis kenning M. G. Jarvis hljóti að kollvarpast um sjálfa sig, því að undirstaðan er helmska tórn.

Svo skrifar þessi M. G. Jarvis langt mál um—mér skilst dóns dag. Hún segir: "Þegar við verðum spurð sem þjóð: Hvar stóðst þið og hvað gerðist þið? Þá bendum við með dýpstu lotningu hvernig samvika hvers einstaklings verður á björtu og skæru stjórnmunar okkar íslensku hermennina."

Hvenær hefur dr. Sig. Jól. Jóhannesson hallmælt hermönnum okkar íslensku? Ég hef aldrei heyrt hann gera það, og vóna að slík smán hendi ekki neinn Voraldar mann.

Vill nú ekki . G. Jarvis lesa yfir kvæði sem dr. Sig. Jól. Jóhannesson orti síðastliðið sumar, og las upp á Íslendingadeginum 2. ágúst?

Skyldi ekki fleinum en mér finnaast þeir strengir meira virði á metum mannúðarinnar en björgunar kaðla-þækja M. G. Jarvis á Gimli?

Það að dr. Sig. Jól. Jóhannesson hafi nokkru sinni farið þess á leit við okkur Voraldar menn, að vér fyrirleitum og litilsvirtum allar aðrar þjóðir að undanskildum þjóðverjum, eða heimað það að oss að vér bannsynjum þetta land og stjórni þess og allt brekkt vald eru staðhafuless ósannindum sem hljóta að vera komin frá greinarhöfundinum sjálfum.

Svo vil ég að endingu minna þessa háttvitu konu á það að klæðið að fæði sem hermanna konur canadísku fá í dag frá þeirra háttvitu og óríttu stjórni, seður ekki hungur og hylur ekki nekt þeirra eftir stríðið, og er því spá mín að dr. Sig. Jól. Jóhannesson og aðrir menn vinir verði hvatastir í spor fyrir þá sem bágt eiga og vekti til meðvitundar með sínum kærlleikarika þenna þá bjargvætti sem í þessu góða landi lifa.

Baldur, 5. september 1918.

A. Sædal.

VIDUR

BEINT FRA VERZLUNUM VOR-UM MED STÖRSÖLU VERZLUNARVERQI.

Skrifið eftir verði á viðinum komnum til yðar. Flutningsgjald greitt að þeirri stöð sem næst yður er.

Þér sparið ágóða milligöngu-mannsins.

FARMERS LUMBER CO.

482½ Main Str. WINNIPEG, MAN.

GÓÐAR BÚJARÐIR

Vér getum selt yður bújarðir smáar og stórar eftir því sem yður hentar, hvar sem er í Vestur Canda. Þér getið fengið hvort sem þér viljið ræktað land eða óræktað. Vör höfum margar bújarðir með allri áhöfn, bestum vélum, fódri og útsæði. Það er ekkert annað en að flytja þangað. Þægileg borgunarskilyrði. Segið oss hvers þér þarfinst og skulum vér bæta úr þörfum yðar.

DOMINION FARM EXCHANGE.

215 Somerset block, Winnipeg

ÓSKAD ER

eftir tveimur fiskimönnum. Hæsta kaup borgað.

Einnig er óskað eftir manni til að hliða gripi. Æskilegt væri að hann hefði þroskaðann ungling með sér. Báðum yrði borgað gott kaup. Það væri ekki frágangesök þó maðurinn væri giftur, því fjölskyldan gæti fengið ókeypis súsnæði og hita.

Upplýsingar eru gefnar á skrifstofu Voraldar.

Hermannaspjöld

til að hafa utan um myndir af her-mönnum Bandaríkja og Canada selur undirritaður.

Handlituð.	Hvert.
.....	\$1.50
Gylt	1.00
1 bláum lit einungis	0.75

Spjöldin eru að stærð 11 þum. x 14 þ. Send föstfri hvert sem er.

Ótsölumenn mína, er eg sendi sýnis-horn spjaldanna, bið og velvirðingar á því, að ég læt þessa auglýsingu eftirhermur, veiki, síys, taugaslapp-leikur og fleira. Meðal þess er tauga-veiklun að er her menn fá við spreng-ingar í stríðinu. Alltíð er að tauga-veiklun sé eina orsök, en með fæm undantekningum er hún aðeins afleið-ing.

Þar sem um ófullkomleik raddarinnar er að ræða hefur maðurinn ekki tækifæri til þess að njóta sín; til þess að lækna þarf að kenna þeim er hlut á að máli að vera sem eðlilegastur—hljóða náttúrulegumáli til fulls. Lækning mín og sú hepi sem ég hef biotið er að þakka því að ég hef unnið í samræmi við náttúruleigin.

Sendið eftir "The Greatest Art," full-komasta bæklingi um röðina.

Þorsteinn Þ. Þorsteinsson

732 McGee St., Winnipeg.

AUGLYSING.

Hús, sem greiðasala hefur verið rek-in í, ásamt leigu á svefnherbergjum, fyrir ferðamenn, er til leigu frá 1. október í góðum stað á Sherbrooke St.

Flestir húsmunir sem greiðasöluinn- við koma fylgja. Allir skilmálar mjög sanngjarnir og leiga lág. Allar frekari upplýsingar gefur ritstjóri Voraldar.

SÓLÖLD

Drenginn þinn langar til að eignast Sólöld eins og hina drengina sem hann þekkir.

Öll börn vilja eiga "Sólöld"

Stúlkuna þína langar til að eignast Sólöld. Hún vill læra "ástkæra, ylhýra málið."

Sólöld kostar aðeins \$1 um árið**SENDIÐ ÞENNAN MIDA Í DAG**

VORÖLD PUBLISHING CO., LTD.

482½ Main St., Winnipeg, Man.

Kæru herrar:—

Gerðið svo vel og sendið mér blað yðar Sólöld. Hér með fylgir \$1.00 fyrir fyrsta ársgjaldið.

Dagsetning

Nafn

Aritan

Dragið ekki að gerast áskrifendur Sólaldar.

Mac's Theatre

á Ellie og Sherbrook Str.

Miðvikudag og fimtugdag

"THE LITTLE RUNAWAY"

(Vittagraph Blue Ribbon feature)

THE EAGLES EYE Nr. 10

og Skópleikur

Föstudag og laugardag, 20. og 21

Mary Pickford í "MILISS"

FIGHT FOR MILLIONS Nr. 5,

og Skópleikur

Mánudag og þriðjudag, 23. og 24

W. S. Hart í "SELFISH YATES"

Halldor**Methusalems**

Er eini Íslendingur í Winnipeg sem selur Columbia hljómvél-ar og hljómplötur (records), hefur nú til sölu Íslenska, Enska, Danska, Norska og Svenska söngva. Skrifðið eftir verðlistum.

Swan Mfg. Co.</